



FJÁRMÁLAEFTIRLITIÐ

THE FINANCIAL SUPERVISORY AUTHORITY, ICELAND

Reykjavík, 17. ágúst 2012

Gagnsæistilkynning vegna staðfestingar Fjármálaeftirlitsins á virkum eignarhlut Vátryggingafélags Íslands hf. í Líftryggingafélagi Íslands hf.

Fjármálaeftirlitið veitti Vátryggingafélagi Íslands hf. (VÍS) fyrir nokkru heimild með fyrirvara til að fara með virkan eignarhlut í Líftryggingafélagi Íslands hf. (Lífís), með tilliti til heilbrigðs og trausts reksturs félagsins, sbr. lög nr. 56/2010 um vátryggingastarfsemi. Frétt þess efnis var birt á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins 14. maí síðastliðinn.

Fyrirvarinn laut að því að mat á fjárhagslegu hæfi framkvæmdastjóra og stjórnarmanna VÍS var ekki lokið. Fjármálaeftirlitið hefur nú lokið mati á fjárhagslegu hæfi aðilanna og gildir því heimild VÍS til að fara með virkan eignarhlut í Lífís án fyrirvara.